

fyrir Hafnarsamlag Norðurlands og þar verði ekki reistar varanlegar byggingar aðrar en þær sem nauðsynlegar eru til þess að skapa þeirri starfsemi lágmarksaðstöðu. Landfyllingin er skilgreind sem hafnarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, Krossaneshagi, B-áfangi iðnaðarsvæðis, Akureyri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Safngatan Sjafnarnes milli Krossanesbrautar og Óðinsness sveigist aðeins til norðurs, en gatnamót breytast ekki.

Í stað 5 aðskilinna iðnaðarsvæða vestan Krossaness verður eitt samfellt iðnaðarsvæði á reitnum milli Krossanesbrautar, Sjafnarness og Óðinsness. Austurmörk iðnaðarsvæðisins færast nær Krossanesbraut.

Afmörkun óbyggðra svæða og almennra útivistarsvæða breytist í samræmi við breytta afmörkun iðnaðarsvæðis.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984 – 2004, Ölkeldudalur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004 frá 22. febrúar 1985.